

1865.  
18. marz.

24. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um fjárhagslögin fyrir fjárhagsárið 1865—66.

Með bréfi þessu sendir dómsmálastjórnin yður, herra stiptamtmaður, eptirrit af þeim kassa, er snertir Ísland, í fylgiskjali, sem heyrir til fjárlögunum fyrir fjárhagsárið 1865—66, er staðfest voru af konungi 17. þ. m., og skal yfirhöfuð að tala skýrskotað til þess, sem þegar eins stóð á var tekið fram í bréfi hinnar íslenzku stjórnardeildar frá 15. aprílmán. 1851, einkum um þau atriði, sem nú skal greina:

að öll laun og hlunnindi embættismanna og embættisþjóna, sem tilgreind eru í fjárlögum hvers árs, skal borga blutadeigendum afdráttarlaust, eptir þeirri upphæð, sem til er tekin fyrir hvern þeirra, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í opnu bréfi 31. maímán. 1855, 1. grein, án þess nokkra sérstaklega skipun þurfi að gjöra um borgunina, og án þess tekið sæ til greina, hvort launin í fjárlögunum eru sett hærrí eður lægri en áður hefir verið;

að þegar embættismenn á Íslandi vilja fá laun sín borguð úr aðalféhirzlu ríkisins, þá verður ekki öðru ávísað en því, sem eptir áður sögðu er komið í gjalddaga, þá er embættismaðurinn æskir borgunariunar. Landfógeti verður og ávallt að hafa ritað á launaávisanir þessar, að hann hafi bókað þær.

Um leið og þér, herra stiptamtmaður, eruð beðnir að kunngjöra blutadeigendum það er með þarf, samkvæmt því, sem að ofan er sagt, skal þess getið, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið ritað um þetta málefni, og eins hinum amtmönnunum á Íslandi, að því er snertir sjálfa þá og aðra þá embættismenn, er búa í umdæmum þeirra.

Að síðustu skal þess getið, að með því eigi er lokið prentun fjárlaganna, verða þau eigi send yður í þetta skipti; en síðar mun yður sent verða eitt exemplar af þeim. Um lán, sem Vestmannaeyingum hefir verið veitt í fjárlögunum úr ríkissjóðnum, skal skýrskotað til annars bréfs frá dómsmálastjórninni, sem dagsett er í dag.